

Týndur og tröllum gefinn

Eftir mikið rífrildi Edwards Hutchins við eiginkonuna um tengdamóður sína stakk Sharon Barker mann sinn þrívægis í öxlna og handlegginn. Hún var handtekin og partið var þar með á enda. Eiginmaðurinn er nú horfinn og hvarf hann á braut með allt innbú þeirra hjóna.

Vitað er að eiginmaðurinn leitaði sér aðstoðar á sjúkrahúsi vegna stungusáranna en hann var útskrifaður samdægurs. Þrátt fyrir mikla leit lögreglu og eftirgrennsan hefur ekkert til hans sést. Haft hefur verið samband við alla hans vini og allt hans skyldfólk en enginn hefur séð eða heyrð í Hutchins.

Ökumaðurinn var sjö ára

Lögregla í bæ einum í Bandaríkjunum varð á dögnum vör við bíl sem ekið var undarlega um götur bæjarins.

Við nánari skoðun kom í ljós þegar lögreglan stöðvaði ökutækið að ökumaðurinn reyndist vera sjö ára strákur. „Mér brá ekki lítið þegar ég sá ökumanninn. Höfuð hans náði varla upp fyrir mælaborðið. Það var mikil heppi að ekki urðu slys vegna uppátækis stráksins,“ sagði lögreglumaðurinn sem stöðvaði stráksa. Faðir stráksins viðurkenndi að hafa setið undir honum og leyft honum að aka heim af fótboltaæfingum. Talið er að hinn sjö ára ökumaður hafi ekið um tvo kílómetra áður en lögreglan skarst í leikinn.

Minnsti lögguhundurinn

Terrierhundurinn Kelly hefur verið útskrifaður úr sérstökum hundaskóla fyrir lögregluhunda. Hann er aðeins 22 cm há og er talinn vera minnsti lögregluhundur heims.

„Kelly hefur sýnt ótrúlega hæfileika. Hann hefur ótrúlegt lyktarskyn og getur leitað á mjög mörgum stöðum þar sem stærri hundar komast ekki að. Þá étur hann líka mun minna en stóru hundarnir og virðist geta hlaupið endalaust án þess að þreytast,“ segir þjálfari hans, Dirk Staal.

Venjulega er byrjað að þjálfa hunda fyrir lögregluna þegar þeir eru eins árs en Kelly byrjaði í skólanum aðeins sjö vikna gamall og útskrifaðist með glæsibrag.

Helgarblað DV

Í Helgarblaði DV á laugardag er að finna ítarlegt viðtal við Birgi Örn Birgis föður Einars Arnar Birgis sem var myrtur í Öskjuhlíð í nóvember 2000.

Birgir útskýrir málaferli sem fjölskyldan stendur í vegna eftirmála þessa hræðilega atburðar og lýsir líðan fjölskyldunnar þau tvö ár sem síðan eru liðin.

Helgarblaðið ræðir við Ásgeir Jónsson hagfræðing sem er einn höfunda umtalaðrar skýrslu um byggðamál og ræðir um leiklist og líf við Jóhann Sigurðarson sem fer á kostum á sviði Þjóðleikhússins um þessar mundir.

Í blaðinu er haldið áfram að rekja sögu menningarverðlauna DV, fjallað er um uppreisnina í Þingeyjarsýslu þegar þingeysskir bændur og búalið fóru með verkfærum og dýnamíti gegn áformum virkjunarmanna og rætt við Arnór Pétursson formann Sjálfsbjargar.



Gunnlaugur Björnsson stjarneldisfræðingur. „Skugginn er að færast yfir frá austri og í vesturátt, rétt eins og gangur sólarinnar er.“



Þór Jakobsson veðurfræðingur. Hann segir að nú séu komin til sögunnar veðurtungl sem lesi sig í gegnum alla skýjafloka og geti þannig sýnt svart á hvítu hvernig landið liggur, í orðsins fyllstu merkingu.

Afrika og Evrópa í ljósaskiptunum. Myndin er tekin úr gervitungli í 35 þús. km hæð yfir jörðu og sýnir skuggann færast í vesturátt. Stórlísi flekkurinn neðarlega á myndinni er Sahara-eyðlmörkin.



Steríó er líka á Breiðbandinu á tíðninni 95,2



STERÍÓ 895 OG MAGASÍN KYNNA STERÍÓLISTANN TOPP 20 29. JANÚAR - 4. FEBRÚAR, 2003

Nr.	SÍBAST LAG	FLYTJANDI	VIKUR
1	(8) Cry me a river	Justin Timberlake	4
2	(9) Beautiful	Christina Aguilera	7
3	(2) Sorry seems to be..	Blue ft. Elton John	7
4	(1) Allt sem ég sé	Írafar	8
5	(5) The last goodbye	Atomic Kitten	9
6	(3) Stronger	Sugarbabes	10
7	(4) Feel	Robbie Williams	9
8	(13) Sound of the underground	Girls Aloud	4
9	(6) Don't stop dancing	Creed	10
10	(14) Á einu augabragði	Sálin	3
11	(15) I'm with you	Avril Lavigne	4
12	(19) 8 Mile	Eminem	2
13	(7) Lose yourself	Eminem	12
14	(11) When I'm gone	3 Doors down	8
15	(-) Clocks	Coldplay	1
16	(10) Boys of summer	DJ Sammy	4
17	(-) Hidden Agenda	Craig David	1
18	(-) Shape	Sugarbabes	1
19	(-) Segðu mér	Í svörtum fötum	1
20	(12) Billie Jean remix	The Sound Bluntz	8

(-) = Nýtt

ADDI ALBERTZ KYNNIR LISTANN
ÖLL MIÐVIKUDAGSKVÖLD KL 22:00
Endurfluttur á sunnudögum kl. 20.00

www.sterio.is

Glæsileg gervitunglamynd af hálfum hnettinum:

Heillandi þegar landamæri hverfa

„Þetta er ansi tignarlegt að sjá,“ sagði Gunnlaugur Björnsson, stjarneldisfræðingur hjá Raunvísindastofnun Háskólans, þegar DV-Magasín sýndi honum skemmtilega mynd af nánast hálfum hnettinum. Hún birtist nýlega á erlendri vefsíðu og sýnir Afríku og Evrópu. Myndin er tekin úr gervitungli í 35 þús. km hæð yfir jörðu. Segist Gunnlaugur telja að myndin sé tekin að vorlagi eða síðari hluta apríl. Þá ályktun dregur hann af því hvernig skuggarnir liggja á myndinni og að farið er að grænka í sunnanverðri Evrópu en snjór enn á hálendi á Íslandi og í Noregi.

Upplýstar borgir ofurlitlir deplur

„Það er rökkvað í París en vel bjart í London þegar þessi mynd er tekin. Skugginn er að færast yfir frá austri og í vesturátt, rétt eins og gangur sólarinnar er. Síðan sjást í myrkrinu ljós frá upplýstum borgum sem eru eins og ofurlitlir deplur í þessum hlutföllum,“ sagði Gunnlaugur. Hann bætti því við að sér þætti myndin skemmtileg að sjá og að hann hefði ekki áður séð neitt í þessa veruna.

Eitt finnst honum þó vera torkennilegt og það er að hvergi er skýhnoðra að sjá á himni. „Það hlýtur að teljast mjög óvenjulegt, ef ekki einsdæmi,“ sagði Gunnlaugur. Á þessu eru þó skýringar.

Að sögn Þórs Jakobssonar, veðurfræðings á Veðurstofu Íslands, eru nú komin til sögunnar veðurtungl sem lesa sig í gegnum alla skýjafloka himnins og geta þannig sýnt svart á hvítu hvernig landið liggur, í orðsins fyllstu merkingu. Veðurtunglin lesa jafnframt litbrigði jarðar með ákveðnum bylgjulengdum.

„Veðurfræðingar hafa hins vegar alltaf mestan áhuga á skýjunum enda ræðst veðráttá mikið af þeim. Hvað varðar mína sérgrein, sem er hafisinn, þá sést hann alltaf vel á ratsjármyndum sem teknar eru um gervihnetti og eru þær mér því mikilvægar,“ segir Þór.

Viðsýni úr hæstu hæðum

Að sögn Þórs er alltaf talsvert um veðurhnetti á sveimi fyrir ofan okkur. Sumir eru yfir miðbaug – en aðrir sveima póla á milli. Einmitt þá notar Veðurstofa Íslands við athuganir og spágerð. „Það er heillandi við þessa skemmtilegu mynd að sjá að þarna eru öll landamæri horfin. Kannski getum við talað um viðsýni í þessu sambandi, enda er hún tekin úr hæstu hæðum þar sem útsýnið er best,“ segir Þór Jakobsson að síðustu.